

Réttindi/Forréttindi

Hvað eru réttindi og hvað eru forréttindi?

Munurinn er einfaldur, réttindi eru mannréttindi sem allir eiga, meðan forréttindi eru eitthvað sem að við þurfum ekki. Dæmi við eigum rétt á því að fá hreint vatn, en við eigum ekki rétt á því að fá appelsín að drekka, heldur er það forréttindi.

Markmiðið með þessu spili/leik er að búa til umræður meðal barnanna á muninum á réttindum og forréttindum og vekja þau til umhugsunar. Hægt að skoða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna til að sjá hver réttindi barna eru. Þetta á að skapa umræður um hvort að við þurfum einhvern hlut eða hvort við séum svo heppin að við eigum þennan hlut því við njótum forréttinda.

Leikurinn er þannig að sá sem er að leiða leikinn er með spilin og dregur spil, réttir upp og sýnir hópnum spilið. Spyr svo hvort eru þetta réttindi eða forréttindi? Þá er mikilvægt að spyrja af hverju? Tengja jafnvel við grein og því er gott að hafa Barnasáttmálann nálægt og sýnilegan.

Það er í raun enginn vinningur í þessum leik, enda eru það forréttindi, heldur á þetta að skapa umræðu og auka skilning á því hvað er réttindi og grunnþarfir mannsins og hvað eru forréttindi og neysluhyggja mannsins og er það jákvætt eða getur það verið neikvætt og þá er hægt að tengja það við umhverfið og loftlagsbreytingar til að fara enn dýpra í málefnið.

Athuga að umræðan sé í takt við aldur og þroska barna.

Markmiðið með yngri börnum eru að þau þekki muninn á þessum hugtökum og kynnist þeim nánar. Meðan markmiðið hjá eldri börnum er að skoða forréttindahyggju, neysluhyggju og umhverfisáhrif nánar, ásamt því að þau kynnist hugtökunum nánar.

Réttindi eða forréttindi?

Réttindi eru grunnþarfir mannsins, það sem við eigum rétt á

Forréttindi eru eitthvað sem við þurfum ekki til að lifa af



Dæmi um réttindi:

Hreint vatn
Hollur matur
Plástur



Heilbrigðisþjónusta
Menntun



Fá að tjá skoðun sína
Öryggi



Dæmi um forréttindi:

Gos
Nammi
Tölvu
Tölvuleikir
Dýr föt eða merkjavörur
Nýtt dót
Sætabrauð





Gleraugu



Tölva



Vatn



Kókómjólk



Appelsín



Úlpa



Vettlingar



66 Norður flík



Sólgleraugu



Sjúkrahús



Göt í eyru



Búa í höll



Segja skoðun sína



Fara í skóla



Skutla sér



Fjällräven bakpoki




Nike skór



Heimili



Plástur



Nammi



Ávextir



Grænmeti



Leikjatölva



Ipad



Hækjur



Húfa



Sími




Stríða öðrum



Hjólastóll



Hvíld



Öryggi



Fjölskylda



Æfa fótbolta



Nýtt dót



Út að borða



Fara í bíó

